



Ársskýrsla Jafnréttisstofu 2014

Jafnréttisstofa – Borgum v/ Norðurslóð - 600 Akureyri
Sími: 460 6200 – Bréfsími: 460 6201 – Netfang: jafnretti@jafnretti.is
www.jafnretti.is

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	4
HLUTVERK OG SKIPULAG.....	9
STARFIÐ 2014	10
RÁÐGJÖF, EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAR.....	10
JAFNRÉTTISÁÆTLANIR	10
ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM.....	12
UMSAGNIR.....	12
SKÝRSLA JAFNRÉTTISSTOFU UM NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á VEGUM RÁÐUNEYTANNA.....	13
SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR	13
NEFNDIR OG VINNUHÓPAR.....	14
JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTANNA.....	14
KYNJUÐ HAGSTJÓRN	14
MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS.....	14
RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA.....	14
VELFERÐARVAKTIN	14
SAMRÁÐSHÓPUR UM REGLUGERÐ JAFNLAUNAVOTTUN.....	15
FJÖLMÍÐLANEFND	15
FRAMKVÆMDANEFND UM LAUNAJAFNRÉTTI KYNJANNA.....	15
SAMSTARFSTEYMI VEGNA HEIMILISOFBELDIS.....	15
SÉRFRÆÐIHÓPUR UM JAFNRÉTTISFRÆÐSLU	16
RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR	16
JAFNRÉTTISTORG	16
KVENNASÖGUGANGA	17
LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA.....	18
24. OKTÓBER - ÖRYGGI KVENNA Í UMÖNNUNAR- OG ÞJÓNUSTUSTÖRFUM.....	18
EINELTI Í ALLRI SINNI MYND	18
VAL Á STJÓRNARMÖNNUM Á TÍMUM KYNJAKVÓTA.....	19
16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI	19
FRÆÐSLUFUNDIR OG ERINDI.....	20
NÁMSKEIÐ	21
STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN	22
NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA	22
NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU	22
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA	22
NÁMSKEIÐ UM KYNBUNDIÐ OFBELDI	22
VERKEFNI	22
KARLAR TIL ÁBYRGÐAR.....	22
KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA	23
JAFNRÉTTISFRÆÐSLA OG NÁMSEFNISGERÐ	23
STARFSNEMI Á JAFNRÉTTISSTOFU	24
ERLENDIR OG INNLENDIR GESTIR.....	24
ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA.....	25

JAFNRÉTTISSTOFA Á NETINU	26
GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU.....	26
PRENTUÐ ÚTGÁFA OG MYNDBAND	
NORRÆNT SAMSTARF.....	27
FORMENNSKA Í NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI.....	28
ÁRLEGUR FUNDUR NORRÆNNA JAFNRÉTTISSTOFNANA.....	30
SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALÞJÓÐAVETTvangi	30
ESB / EFTA:	30
Evrópuráðið:.....	31

INNGANGUR

Jafnréttisstofa hefur margvíslegu hlutverki að gegna. Samkvæmt lögum n.r 10/2008 ber stofnuninni að hafa eftirlit með framkvæmd laganna, stunda fræðslu- og útgáfustarf, safna tölfraeðilegum upplýsingum, veita ráðgjöf og taka þátt í margskonar samstarfi á sviði jafnréttismála innanlands sem erlendis og er verkefnalistinn þó alls ekki tæmdur. Þessar lagalegu skyldur eru hluti af alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga í samræmi við Kvinnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1979, Pekingsáttmálann frá 1995 og þær tilskipanir Evrópusambandsins um jafnréttismál sem við höfum innleitt.

Undanfarin ár hefur stofan unnið markvisst að því að innkalla jafnréttisáætlanir sveitarfélaga, skóla, fyrirtækja og stofnana í landinu. Fyrirtæki og stofnanir með 25 starfsmenn eða fleiri eiga að hafa jafnréttis- og aðgerðaáætlanir um tiltekin atriði, svo sem launajafnrétti, samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs, kynferðislega áreitni o.fl. Þetta er mikil vinna en hún gefur kost á frjóum samskiptum við stofnanir og fyrirtæki sem leita ráða við gerð og endurskoðun áætlana. Flestum stjórnendum er ljóst hve mikilvægt er að hafa góðar jafnréttisáætlanir sem eru hluti af góðri mannauðsstjórnun. Of margir hafa ekki sinnt lagalegri skyldu sinni, t.d. þó nokkur sveitarfélög en vonandi stendur það til bóta. Þessar jafnréttisáætlanir ná aðeins til jafnréttis kynjanna. Starfsfólk Jafnréttisstofu finnur oft fyrir því hve lagalegri vernd minnihlutahópa er ábótavant hér á landi en um árabil hefur staðið til að innleiða tvær tilskipanir Evrópusambandsins um bann við mismunun á grundvelli uppruna, trúar, kynhneigðar, kynvitundar, aldurs, fötlunar o.fl. Einstaklingar hafa leitað til Jafnréttisstofu vegna þess að þeir telja að á þeim hafi verið brotið, t.d. vegna fötlunar eða aldursfordóma, en við höfum engin úrræði, enn sem komið er. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki hefur innleitt bann við mismunun gegn minnihlutahópum.

Stórt verkefni hefur verið í gangi um efnahagsleg völd kvenna, þar með talin þátttaka í stjórnun fyrirtækja og áhrif kvótalaganna frá 2010. Tvær stórar rannsóknir voru í vinnslu þar sem ýmsar hliðar málsins voru kannaðar. Verkefninu lýkur 2015. Að venju fer mikill tími í að svara spurningalistum frá alþjóðlegum stofnunum, alls konar fyrirspurnum blaðamanna og annarra sem vilja kynna sér jafnréttismál á Íslandi. Mál einstaklinga sem leita sér ráðgjafar eru alltaf þó nokkur og taka oft langan tíma. Þá eru ótalin fjöldi námskeiða og heimsókna í skóla ásamt mörgu öðru sem kemur inn á borð Jafnréttisstofu. Hér á eftir verður farið stuttlega yfir helstu viðburði ársins 2014.

Eins og undanfarin ár var mikið um að vera á sviði jafnréttismála árið 2014. Ísland fór með formennskuna í Norrænu ráðherranefndinni og því var töluvert um ráðstefnur og fundi. Það kom m.a. í hlut Íslands að fagna 40 ára afmæli samstarfs Norðurlandanna í jafnréttismálum.

Árið hófst á því að Jafnréttisstofa frumsýndi myndband um samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs. Í myndinni er talað við tvenn hjón sem búa á Akureyri um verkaskiptingu á heimilinu og daglegt líf, sem og nokkra sérfræðinga og einn mannauðsstjóra. Myndina má nálgast á <http://hiðgullnajafnvægi.is/>. Í janúar hélt Jafnréttisstofa námskeið fyrir konur í kvenfélögum á Eyjafjarðarsvæðinu sem var einkar fróðlegt og skemmtilegt.

Í febrúar var haldinn undirbúningsfundur fyrir ráðstefnu um jafnrétti kynjanna á norðurslóðum sem áætluð var í lok október en það verkefni kom til vegna frumkvæðis utanríkisráðuneytisins. Á fundinn mættu sérfræðingar allt frá Alaska til Finnlands, þó enginn frá Grænlandi að þessu sinni. Það var afar fróðlegt að heyra um hvað rannsóknir og umræður um norðurslóðamál snúast út frá

kynjasjónarhorni. Gríðarlega spennandi svið. Þar má t.d. nefna mismunandi aðgang að auðlindum, valdamisvægi, fólksflutninga (þar sem konurnar fara en karlarnir verða eftir), árekstrar milli hefða og þeirra samfélagsbreytinga sem eiga sér stað, heilsufar, menntun o.fl. . Í febrúarmánuði var haldin ráðstefna í samstarfi RIKK og Jafnréttisstofu um stöðu kvenna í sveitarstjórnnum, eins konar upptaktur að sveitastjórnarkosningunum sem fóru fram í lok maí.

Að venju var haldið upp á 8. mars, alþjóðlegan baráttudag kvenna, með fundum bæði á Akureyri og í Reykjavík. Í mars var einnig árlegur fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna en hann stendur jafnan í tvær vikur. Að þessu sinni voru aðalviðfangsefni að meta árangurinn af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en tvö þeirra snerta konur sérstaklega (barna- og mæðradauði) og svo aðgengi stúlkna og kvenna að menntun, starfsþjálfun og sæmandi (e. decent) störfum. Eygló Harðardóttir jafnréttisráðherra flutti ræðu Íslands og lagði sérstaka áherslu á að þúsaldarmarkmiðin næðu ekki til mikilvægra þátta eins og ofbeldis gegn konum, valdamisvægis, t.d. á þjóðþingum, ólaunaðrar vinnu kvenna, hvað þá að taka á því hve mörg ríki neita konum um að ráða yfir eigin líkama og kynheilbrigði (e. sexual and reproductive health and rights). Norðurlöndin voru að venju með tvo sameiginlega hliðarviðburði. Annars vegar var ráðherrafundur sem fjallaði um valdeflingu kvenna með aukinni menntun. Eygló Harðardóttir stýrði fundinum sem var mjög vel sóttur. Sérstakur gestur var Phumzile Mlambo-Ngcuka framkvæmdastýra UN Women. Hinn fundurinn var sérfræðingafundur þar sem fjallað var um kynbundið náms- og starfsval með hvatningu um að brjóta niður staðalmyndir kynjanna og opna allar leiðir bæði fyrir drengi og stúlkur. Okkar fulltrúi á fundinum var dr. Berglind Rós Magnúsdóttir lektor í menntunarfræðum við Háskóla Íslands.

Aprílmánuður gekk í garð með ráðstefnu utanríkisráðuneytisins og RIKK um ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1325 um konur, frið og öryggi. Ráðstefnan var hluti af aðgerðaáætlun utanríkisráðuneytisins sem ætlað er að fylgja eftir ályktun 1325. Í þessum sama mánuði var haldinn fundur alþjóðlegra samtaka þingkvenna en hingað komu fulltrúar frá fjölda landa, þar á meðal frá Afríku, til að kynna sér stöðu jafnréttismála hér á landi og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í árána rás til að bæta stöðu kvenna.

Í byrjun maímánaðar tók framkvæmdastýra Jafnréttisstofu þátt í fundi í New York á vegum Íslensk-ameríska verslunarráðsins þar sem borin var saman staða kynjanna í USA og á Íslandi. Undirrituð flutti erindi þar sem sagan var rakin stuttlega og gerð grein fyrir þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til hér á landi. Þar má nefna lög, kvóta, aðgerðaáætlanir og mikilvægan þrýsting frá kvennasamtökum o.fl. Það var athyglisvert að heyra hve erfitt er fyrir ungar konur í Bandaríkjunum að hasla sér völl á vinnumarkaði vegna skorts á leikskólum. Þeir eru rándýrir og því ekki möguleiki fyrir fólk með meðallaun og þaðan af minna að nýta sér þá. Konur verða því enn að velja á milli atvinnu og barneigna ef þær hafa ekki efni á leikskólum eða barnfóstrum. Ótrúlegt hvað þetta stóra ríki er aftarlega á merinni hvað varðar félagslega þjónustur. Það er þó mikið um kröftugar konur í frumkvöðlastarfsemi og stjórnnum fyrirtækja og þar getum við lært af USA.

Í lok maí var röðin komin að fyrstu ráðstefnunni um jafnréttismál sem tengdist formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni. Boðað var til ráðstefnu og málþings í Þórshöfn í Færeyjum en Ísland hefur ávallt lagt áherslu á samvinnu Færeyja, Grænlands og Íslands. Fyrri daginn var fjallað um jafnrétti á vinnumarkaði og síðari daginn um stöðu kvenna í stjórnámálum. Færeyingar lögðu fram athyglisverðar upplýsingar um atvinnumál hjá þeim og greint var frá könnun sem Jafnstöðunefndin gerði á afstöðu Færeyinga til kynjajafnréttis. Það sem er sérstakt við vinnumarkaðinn í Færeyjum er

hve margir karlar vinna á olíuborpöllum Norðmanna og hve margar konur á vinnualdri hafa yfirgefið eyjarnar og búa í öðrum löndum, einkum Danmörku. Fjarvistir karla gera konum erfitt fyrir hvað varðar vinnu, að ekki sé talað um að deila fæðingarorlofi. Þá er afstaða margra Færeyinga fremur íhaldssöm þegar kemur að verkaskiptingu á heimilum og „hlutverkum“ kynjanna. Á málþinginu um stjórnsmál var sagan rifjuð upp en Norðmenn höfðu nýverið haldið upp á 100 ára afmæli kosningaréttarins og fyrirhugað að gera það sama á Íslandi 2015. Þá rifjaði Karin Kjølbro upp aðgerðir kvenna í Færeyjum til að auka hlut kvenna í stjórnsmálum á áttunda áratug 20. aldar og sagði frá því þegar þær leigðu heilt skip til að fara á Nordisk forum í Osló 1988. Í lok maí var svo gengið til sveitarstjórnarkosninga á Íslandi. Enn jafnaðist bilið milli karla og kvenna en konur eru nú 44% kjörinna fulltrúa. Það verður að teljast glæsilegur árangur á erfiðum tímum þegar (of) mikil endurnýjun á sér stað í sveitarstjórnunum.

Næst á dagskrá var norræn ráðstefna um karlarannsóknir sem einnig var hluti af formennskunni í Norrænu ráðherranefndinni. Mikill áhugi var á ráðstefnunni enda voru tveir þekktustu fræðimenn heims á sviði karlarannsókna þau Raewyn Connell og Michael Kimmel meðal fyrirlesara. Fluttur var fjöldi fyrirlestra um allt mögulegt, allt frá feðrahlutverkinu og feðraorlofi til ofbeldis og þátttöku karla í jafnréttisstarfinu. Ráðstefnan vakti mikla athygli og var mjög vekjandi og athyglisverð.

Nú var stútt á milli viðburða því dagana 12.-15. júní var boðað til Nordisk forum í Malmö. Þangað mættu um 20.000 manns og var dagskráin gríðarlega viðamikil. Íslenskir þátttakendur voru eitthvað á fjórða hundrað og tóku þátt í ótal málstofum og öðrum viðburðum. Það sem vakti hvað mesta athygli undirritaðrar var óttinn við uppgang hægri öfgaafla, hve hatursorðræða er útbreidd og ógnandi og andfemínismi. Það er ótrúlegt hvað flokkar sem hatast við útlendinga, múslima og konur (femínista) eru að ná mikilli fótfestu. Mjög mikilvægt rannsóknarefni. Þrátt fyrir þennan ótta ríkti mikill baráttuandi og gaman að sjá hve mikið líf er í kynjaumræðunni á Norðurlöndum og víðar. Nokkur gagnrýni kom fram hér á landi eftir á um of litla áherslu á stöðu minnihlutahópa, t.d. fatlaðra, kynhneigð o.fl. sem sjálfsagt er að ræða og taka tillit til. Að venju var haldið upp á kvenréttindadaginn 19. júní með kvennasögugöngu á Akureyri og kaffiboði Kvenréttindafélagsins og Kvenfélagasambandsins í Reykjavík.

Í ágúst var svo komið að 40 ára afmæli norrænnar samvinnu á sviði jafnréttismála. Stór ráðstefna var haldin í Hörpu og voru þær Vigdís Finnbogadóttir fyrrverandi forseti Íslands og Margot Wallström sem nú er utanríkisráðherra Svíþjóðar meðal þátttakenda. Það bar til tíðinda á þessari ráðstefnu að hægt var að fylgjast með „tísti“ þátttakenda sem birtist á skjá í salnum. Þá gerði Ari Eldjárn mikla lukku er hann fór yfir reynslu sína af jafnréttismálum og ekki síst því að vera faðir ungrar dóttur sem öllu ræður. Ungt fólk, stelpur og strákar, frá öllum Norðurlöndunum tóku þátt í pallborðsumræðum og það var verulega upplífandi að hlusta á hvað þau höfðu miklar hugsjónir og voru viljug til að breyta heiminum til hins betra í anda jafnréttis, fjölbreytileika, virðingar fyrir mannréttindum og síðast en ekki síst í þágu jarðarinnar.

Í september var haldinn árlegur fundur jafnréttisstofnana á Norðurlöndunum. Að þessu sinni var hann í Stokkhólmi í boði DO (Diskrimineringsombudet). Aðalumræðuefnið var hatursorðræða en mikil umræða hefur orðið um þau mál í kjölfar síendurtekinna hótanna sem t.d. femínistar og fréttamenn verða fyrir, sem og fólk sem tilheyrir ýmsum minnihlutahópum. Þá var kynnt dönsk skýrsla um aðgengi að heilbrigðisþjónustu. Eitt af því sem vakti mikla athygli í Danmörku var það hve mikið er um að börn séu notuð sem túlkar þegar foreldrar leita til læknis. Almennt var fólk sammála

um að það væri ótækt að leggja þá ábyrgð á börn að koma til skila hvað hrjáði foreldrana og slíkt væri óásættanlegt. Til umræðu hefur verið að banna að börn séu notuð sem túlkar. Athyglisvert mál sem þyrfti að kanna hér á landi.

Upp úr miðjum september var árlegur landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga. Fundurinn var að þessu sinni haldinn í Reykjavík. Fyrri daginn var fundur í Iðnó og var hann opinn öllum. Umræðuefnin voru skyldur sveitarfélaga, mikilvægi þess að gæta að jafnrétti fyrir alla, kyn og afbrot og að lokum var fjallað um ósýnilega sögu kvenna. Seinni daginn báru fulltrúar sveitarstjórnanna saman bækur varðandi verkefni og stöðu jafnréttismála.

Þá var röðin komin að sérfræðingafundi um leiðir í baráttunni við kynbundið ofbeldi. Fjallað var ítarlega um Istanbúlsamninginn sem aðildarríki Evrópuráðsins hafa undirritað og er verið að innleiða víða í Evrópu. Þetta er stórmerkilegur samningur sem nær til flestra hliða ofbeldismála, svo sem skilgreininga, skylda stjórnvalda, vernd brotþola og meðferðar ofbeldismanna. Kynnt var gríðarmikil úttekt Svía á eðli, umfangi og meðferð ofbeldis í nánnum samböndum ásamt meðfylgjandi tillögum til úrbóta. Efni sem við þurfum að ræða hér á landi. Þá voru kynnt dæmi frá hverju Norðurlandanna um aðgerðir sem reynst hafa vel í baráttunni, áhættumat norsku lögreglunnar hvað varðar ofbeldi í nánnum samböndum, skráning og skönnun sem fram fer innan félags- og heilbrigðisþjónustu í Finnlandi, aðgerðaráætlanir Dana, aðgerðir Svía til að kveða niður heiðursglæpi og íslenska Suðurnesjaverkefnið. Þessi fundur fékk mjög góða umfjöllun í ríkissjónvarpinu.

Október gekk í garð með 100 ára afmæli Verkakvennafélagsins Framsóknar og var haldin ráðstefna í Iðnó til að minnst þess. Farið var yfir söguna, sagt frá forystukonunni Jóhönnu Egilsdóttur og rætt um stöðu verkakvenna í dag sem og helstu baráttumál til að bæta stöðu þeirra. Kvennafrídagurinn 24. október var að venju á dagskrá, m.a. með baráttufundi á Akureyri um öryggi kvenna í umönnunar- og þjónustustörfum. Vakti umræðuefnið verulega athygli. Kynnt var úttekt á úrræðinu *Karlar til ábyrgðar* sem hefur boðið ofbeldismönnum upp á meðferð um árabil. Útkoman var mjög góð og almenn ánægja þeirra sem höfðu nýtt sér úrræðið en einnig komu nokkrar góðar ábendingar um það sem betur má fara. Þá var röðin komin að ráðstefnunni um kynjajafnrétti á norðurslóðum sem haldin var í Hofi á Akureyri 30.-31. október. Þátttaka var mjög góð og voru þátttakendur frá 10 löndum og umræður afar áhugaverðar. Farið var yfir mismunandi aðgengi kynjanna að auðlindum, heilbrigðismál, menntun, fólksflutninga, öryggi og þannig mætti áfram telja.

Í nóvember var boðað til fundar Evrópuríkja, USA, Kanada og Ísrael í Genf til að undirbúa næsta fund kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) sem haldinn verður í mars. Árið 2015 eru 20 ár liðin frá kvennaráðstefnunni í Peking og verður þá farið yfir hvernig ríki hafa staðið við Pekingsáttmálann og aðgerðaáætlunina sem þar var samþykkt. Undirrituð sótti fundinn ásamt Rósu Guðrúnu Erlingsdóttur frá velferðarráðuneytinu og var einkar fróðlegt að heyra frásagnir af stríðshrjáðum svæðum svo sem Úkraínu og Sýrlandi en hópur flóttakvenna þaðan mætti á fundinn til að vekja athygli á þeim hörmungum sem yfir þjóðina dynja, ekki síst konur og börn. Í nóvember hófst samvinnuverkefni sem Jafnréttisstofa tekur þátt í ásamt Austurríki, Króatíu og Litháen. Það gengur út á þróun samræmdrar jafnréttisfræðslu, þ.e. að sett séu ákveðin viðmið byggð á reynslu þessara þjóða og annarra.

Síðustu ráðstefnur formennskuársins voru haldnar í Reykjavík 12.-13. nóv. Fyrri daginn var fjallað um hlutastörf og áhrif þeirra á kynin og seinni daginn var fjallað um launamisrétti. Að venju hófst alþjóðlegt og árlegt 16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi þann 25. nóvember sem er dagur Sameinuðu þjóðanna. Því lauk á mannréttindadegi SP 10. desember. Að vanda var margt á dagskrá

svo sem ljósaganga, upplestur úr bókum, o.fl. Jafnréttisstofa og samstarfsteymi gegn ofbeldi stóðu fyrir mjög vel sóttu námskeiði á Akureyri um Suðurnesjaverkefnið. Til stendur að halda slík námskeið víða um land enda hafa aðgerðir Suðurnesjamanna skilað góðum árangri í baráttunni við ofbeldi í nánnum samböndum. Embla Guðrún Ágústsdóttir frá Tabú kom norður og hélt erindi um ofbeldi gegn fötluðum konum sem vakti mikla athygli þeirra sem heyrðu.

Árinu lauk svo með morgunfundi um val á stjórnarmönnum á tímum kynjakvóta. Á fundinum var greint frá rannsókn sem staðið hefur yfir á því hvernig stjórnarmenn í fyrirtækjum eru valdir, hverjir þeir eru og hvaða áhrif kvótinn hefur haft. Þá var fjallað um reynslu Norðmanna en kynjakvóti hefur verið í gildi í Noregi um árabíl.

Að lokum þakka ég samstarfsfólki Jafnréttisstofu til sjávar og sveita fyrir samstarfið á síðasta ári en einkum þó starfsfólki Jafnréttisstofu sem unnið hefur gríðarlega mikið starf á ári mikilla anna og álags.

Kristín Ástgeirsdóttir

HLUTVERK OG SKIPULAG

Jafnréttisstofa annast stjórnslu á sviði jafnréttismála á Íslandi í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisstofa heyrir undir yfirstjórn velferðarráðherra og tók formlega til starfa 15. september árið 2000.

Starfsfólk Jafnréttisstofu árið 2014 var: Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra, Anna Hallgrímsdóttir, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Bryndís Elfa Valdemarsdóttir, Hugrún R. Hjaltadóttir, Ingibjörg Elíasdóttir og Tryggvi Hallgrímsson. Bjarki Ármann Oddsson var starfsnemi á Jafnréttisstofu í upphafi árs 2014.

Í samræmi við 4. grein laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 hefur Jafnréttisstofa meðal annars þau verkefni með höndum að:

- hafa eftirlit með framkvæmd laganna,
- sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf í tengslum við jafnrétti kynjanna,
- koma á framfæri við ráðherra, Jafnréttisráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna,
- koma með tillögur að sértækum aðgerðum,
- auka virkni í jafnréttismálum, m.a. með aukinni aðild karla að jafnréttisstarfi,
- fylgjast með þróun jafnréttismála í þjóðfélaginu, m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum,
- veita jafnréttisnefndum, jafnréttisráðgjöfum og jafnréttisfulltrúum sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja aðstoð,
- vinna að forvörnum gegn kynbundnu ofbeldi í samstarfi við önnur stjórnvöld og samtök sem sinna slíkum forvörnum sérstaklega,
- vinna gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns á vinnumarkaði,
- leita sátta í ágreiningsmálum sem Jafnréttisstofu berast og varða ákvæði laganna,
- breyta hefðbundnum kynjaímyndum og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla,
- vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Sérstaklega er tekið fram í lögnum að opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum sé skylt að veita Jafnréttisstofu hvers konar almennar upplýsingar sem nauðsynlegar eru starfsemi hennar.

STARFIÐ 2014

RÁÐGJÖF, EFTIRLIT OG UPPLÝSINGAR

Einstaklingar, félög, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld geta leitað til Jafnréttisstofu eftir ráðgjöf og aðstoð varðandi málefni sem varða jafnrétti kynjanna. Töluvert er um það að hringt sé til Jafnréttisstofu eða tölvupóstur sendur þar sem spurt er um ýmislegt varðandi jafnréttismál. Sum mál eru lagalegs eðlis en önnur snúa að hagnýtri framkvæmd jafnréttisstarfs.

Jafnréttisstofa veitir lagalega ráðgjöf til einstaklinga og lögaðila sem þangað leita. Jafnréttisstofa leitast við að leysa málin með ráðgjöf varðandi réttarstöðu og/eða með því að benda á mögulegar leiðir til lausnar mála. Stofan hefur samband við þann eða þá aðila sem hugsanlega hafa brotið gegn jafnréttislögum, eftir því hvað á við í hverju tilfalli. Flest mál leysast með þessum hætti. Ef þau gera það ekki og einstaklingur vill kæra mál til Kærunefndar jafnréttismála til að fá úr máli sínu skorið, þá veitir Jafnréttisstofa leiðbeiningar varðandi kæruférlíð.

JAFNRÉTTISÁÆTLANIR

Fyrirtæki og stofnanir sem hafa fleiri en 25 starfsmenn skulu hafa jafnréttisáætlun eða samþætta jafnréttissjónarmið í starfsmannastefnu sína, sbr. 18. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að fyrirtæki og stofnanir setji sér slíkar áætlanir, lögum samkvæmt. Í samræmi við hlutverk sitt veitir Jafnréttisstofa stofnunum og fyrirtækjum einnig ráðgjöf við gerð slíkra áætlana. Nokkuð var um það á árinu 2013, eins og áður, að fyrirtæki og stofnanir nýttu sér þessa aðstoð. Jafnréttisstofa heldur einnig námskeið um gerð jafnréttisáætlana ef þess er óskað.

Við innköllun jafnréttisáætlana á árinu 2014 var unnið eftir nýjum verklagsreglum um eftirlit Jafnréttisstofu sem settar voru í lok ársins 2013. Tilgangur verklagsreglnanna er að tryggja að eftirlitið sé skýrt, gagnsætt og í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti

Unnið var áfram að innköllun jafnréttisáætlana frá fyrirtækjum og í lok ársins 2014 var búið að kalla inn 197 jafnréttisáætlanir af 321. Fyrirtækin sem falla þar undir eru að jafnaði þau sem hafa fleiri en 50 starfsmenn í vinnu á ársgrundvelli, sami fjöldi starfsmanna og lög um kynjakvóta eiga við um. Ákveðið var að eftirlit Jafnréttisstofu mundi að þessu sinni miða við sama hóp fyrirtækja þó svo að 18. gr. jafnréttislaganna eigi við fyrirtæki þar sem starfa fleiri en 25 starfsmenn á ársgrundvelli. Eftirlit Jafnréttisstofu sem snýr að fyrirtækjum hefur gengið vel. Fyrirtæki hafa að jafnaði tekið vel í beiðni Jafnréttisstofu og verið fús til að taka ábendingum og athugasemdum og þiggja leiðbeiningar og aðstoð eftir því sem við á. Meirihluti fyrirtækja þarf að endurskoða og lagfæra áætlanir sínar til þess að uppfylla skilyrði laganna og ljóst þykir að réttindi starfsfólks á vinnumarkaði eru betur tryggð með virku og reglulegu eftirliti Jafnréttisstofu.

Jafnréttisáætlanir í alla skóla er verkefni sem unnið er í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðneytið. Verkefnið felst í að aðstoða leik-, grunn- og tónlistarskóla við gerð aðgerðabundinna jafnréttisáætlana með sérstakri áherslu á kynbundið og kynferðislegt áreiti. Fyrsta skrefið í verkefninu, sem hófst 2013, var að kalla eftir jafnréttisáætlunum skólanna og kanna hvort og þá hvernig þeir uppfylltu lagalegar skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og

jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisstofa hefur eftirlit með því að lögunum sé framfylgt og kallaði í ljósi þess eftir eftirfarandi upplýsingum.

- Hvort skólinn hafi sett sér jafnréttisáætlun samkvæmt 18. gr. laga nr. 10/2008.
- Hvernig skólinn uppfyllir 23. gr. laga nr. 10/2008 um menntun og skólastarf.
- Hvernig skólinn uppfyllir 22. gr. laga nr. 10/2008 um kynbundna og kynferðislega áreitni.

Innköllun jafnréttisáætlana í grunnskólum fór fram í maí 2013 og janúar 2014. Í lok árs 2014 höfðu 105 (62%) grunnskólar skilað fullnægjandi jafnréttisáætlunum og/eða gögnum til Jafnréttisstofu. Innköllun jafnréttisáætlana í leikskólum fór fram, í febrúar og maí 2014. Í lok árs 2014 höfðu 102 leikskólar (40%) skilað fullnægjandi jafnréttisáætlunum og/eða gögnum til Jafnréttisstofu. Verkefninu hefur síðan verið fylgt eftir með ítrekunum, ráðgjöf og fræðslu til skólanna. Innköllun jafnréttisáætlana í tónlistarskólum fór fram í september 2014. Í lok árs 2014 höfðu 4 skólar (5%) skilað fullnægjandi jafnréttisáætlunum og/eða gögnum til Jafnréttisstofu. Vegna verkfalls tónlistarskólakennara haustið 2014 var beðið með frekari aðgerðir og frestur tónlistarskólanna framlengdur.

ÞINGSÁLYKTUN UM FRAMKVÆMDAÁÆTLUN Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Samkvæmt 11. gr. jafnréttislaga gerir Jafnréttisstofa tillögur til ráðherra um verkefni í framkvæmdaáætlun sem ætlað er að tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi. Stofan sinnir einnig eftirliti með framgangi áætlunarinnar eftir því sem við á, fyrst og fremst í samstarfi við jafnréttisfulltrúa ráðuneyta. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna hafa m.a. það hlutverk að fylgja eftir verkefnum sinna ráðuneyta. Þeir skila skýrslu um stöðuna til Jafnréttisstofu um hver áramót.

Núgildandi þingsályktunartillaga um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára var samþykkt 19. maí 2011. Áætluninni er skipt í eftirfarandi kafla: stjórnarsýslan, vinnumarkaður – launamisrétti kynjanna, kyn og völd, kynbundið ofbeldi, menntir og jafnrétti, karlar og jafnrétti og loks alþjóðastarf. Alls eru verkefni 43 með tímaáætlun og ábyrgðaraðila sem eru ýmist ráðuneyti eða opinberar stofnanir. Yfirlit yfir stöðu verkefna er birt í *Skýrslu ráðherra um stöðu og þróun jafnréttismála* sem lögð er fyrir Jafnréttisþing.

Gildistíma framkvæmdaáætlunar lýkur í ár 2014 og er undirbúningur að nýtti framkvæmdaáætlun hafin.

UMSAGNIR

Á hverju ári fær Jafnréttisstofa töluverðan fjölda umsagnarbeiðna frá nefndasviði Alþingis um frumvörp til laga og þingsályktunartillögur. Rétt er að geta þess að umsagnarbeiðnir á árinu 2014 voru umtalsvert færri en venjulega. Jafnréttisstofa veitti umsögn um eftirtalin lagafrumvörp og þingsályktanir á árinu 2014:

- | | |
|-------------------|--|
| 16. desember 2014 | Frv. til laga um breyt. á l. um almannatryggingar, 322. mál, þskj. 393, 144. lþ. |
| 16. desember 2014 | Frv. til laga um slysatryggingar almannatrygginga, 402. mál, þskj. 578, 144. lþ. |
| 6. nóvember 2014 | Frv. til laga um úrskurðarnefnd velferðarmála, 207. mál, þskj. 233, 144. lþ. |
| 6. nóvember 2014 | Frv. til laga um breyt. á l. um sjúkratryggingar (flóttamenn), 242. mál, þskj. 242, 144. lþ. |
| 16. október 2014 | Þált. um útreikning nýrra neysluviðmiða fyrir íslensk heimili, 18. mál, þskj. 18., 144. lþ. |
| 2. október 2014 | Frv. til laga um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES, 106. mál, þskj. 106, 144. lþ. |
| 1. október 2014 | Þált. um þriggja ára áætlun um eflingu heilbrigðisþjónustu, menntakerfis og velferðarþjónustu, 14. mál, þskj. 14, 144. lþ. |
| 12. febrúar 2014 | Frv. til breyt. á l. um útlendinga, 249. mál, þskj. 457, lþ. 143. |
| 21. janúar 2014. | Frv. til breyt. á lögreglulögum (fækkun umdæma o.fl.), 251. mál, þskj. 459, 144. lþ. |
| 20. janúar 2014. | Frv. til laga um framkvæmdavald og stjórnarsýslu ríkisins í héraði, 250. mál, þskj. 458, 143. lþ. |

SKÝRSLA JAFNRÉTTISSTOFU UM NEFNDIR, RÁÐ OG STJÓRNIR Á VEGUM RÁÐUNEYTANNA

Í samræmi við 15. gr. laga nr. 10/2008 tekur Jafnréttisstofa saman upplýsingar um hlut kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ráðuneytanna. Gagnaöflun fer fram í gegnum greinagarð jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna til Jafnréttisstofu. Í skýrslunni sem gefin var út í ár var að finna greiningu á kynjaskiptingu í nefndum, stjórnnum og ráðum á starfsárinu 2013. Skýrsluna má lesa á heimasíðu Jafnréttisstofu.

SKÝRSLUR FYRIR ALÞJÓÐASTOFNANIR

Ísland er aðili að alþjóðlegum samningum er varða jafnrétti kynjanna. Jafnréttisstofa svaraði fyrirspurnum þeirra stofnana sem fylgja þeim eftir. Á starfsárinu 2014 svaraði Jafnréttisstofa spurningum frá eftir farandi stofnunum:

OECD gefur út the Social Institutions Gender Index (SIGI). OECD gögnin eru unnin úr opinberum upplýsingum svo sem skýrslum Íslands til alþjóðastofnana og upplýsingum á heimasíðum opinberra stofnana en Jafnréttisstofa hefur farið yfir niðurstöðurnar og bætt við upplýsingum og áhugaverðum rannsóknarniðurstöðum um stöðu jafnréttismála hér á landi.

Í samstarfi við utanríkisráðuneytið og velferðarráðuneytið skrifaði Jafnréttisstofa drög að skýrslu Íslands til Sameinuðu Þjóðanna vegna Peking sáttmálans í tilefni af 20 ára afmæli hans árið 2015.

NEFNDIR OG VINNUHÓPAR

JAFNRÉTTISFULLTRÚAR RÁÐUNEYTA

Í 13. grein jafnréttis laga er kveðið á um að í hverju ráðuneyti skuli starfa jafnréttisfulltrúi sem fjallar um og hefur eftirlit með jafnréttisstarfi á málavísni viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess. Jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna halda mánaðarlega samráðsfundi sem starfsmaður Jafnréttisstofu sækir. Hlutverk starfsmanns Jafnréttisstofu er að veita leiðsögn og auka samstarf jafnréttisfulltrúa. Hugrún R. Hjaltadóttir hefur sótt fundi jafnréttisfulltrúa ár árinu.

KYNJUÐ HAGSTJÓRN

Árið 2009 skipaði fjármálaráðherra verkefnisstjórn um stefnumótun og undirbúning að kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Hlutverk hennar er að vinna álit og tillögur um aðgerðir til að innleiða leikreglur kynjaðrar fjárlagagerðar. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í verkefnisstjórninni. Heimasíða verkefnastjórnar er á slóðinni: http://www.fjarmalaraduneyti.is/verkefni/kynjud_fjarlagagerd/

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS

Jafnréttisstofa á aðild að Mannréttindaskrifstofu Íslands. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum, fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafrumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Hugrún R. Hjaltadóttir situr í stjórn skrifstofunnar, varamaður hennar er Tryggvi Hallgrímsson.

RÁÐGJAFANEFND UM STYRKI TIL ATVINNUMÁLA KVENNA

Síðan 1991 hafa sérstakir styrkir verið veittir til kvenna sem hafa góðar viðskiptahugmyndir en það var þáverandi félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir sem kom verkefninu af stað. Á þeim tíma var atvinnuleysi kvenna töluvert og styrkirnir ætlaðir sem mótvægi við það og sem tæki fyrir konur í viðskiptum með því að auka aðgengi þeirra að fjármagni. Frá árinu 2008 hefur fulltrúi Jafnréttisstofu, Ingibjörg Elíasdóttir, setið í ráðgjafarnefnd sem fer yfir allar styrkumsóknir og gerir tillögu til velferðarráðherra um styrkveitingar. Á árinu 2014 var 35 milljónum króna úthlutað til 33 verkefna. Verkefnin sem hlutu styrki voru fjölbreytt að vanda; þróun og smíði á gagnagrunni vegna efnamælinga, auka sæti fyrir börn til að festa á hnakk, þróun á kollagen hylkjum við liðverkjum, svo eitthvað sé nefnt. Einnig voru veittir margir styrkir til gerðar viðskiptaáætlana. Sjá nánar á slóðinni: <http://atvinnumalkvenna.is/frettir/nr/3931/styrkjum-til-atvinnumala-kvenna-uthlutad/>

VELFERÐARVAKTIN

Eftir að Jafnréttisvaktin sem starfaði á árinu 2009 skilaði skýrslu til ráðherra var ákveðið að eðlilegast væri að starfsemi hennar mundi renna inn í Velferðarvaktina í anda samþættingar kynja- og jafnréttissjónarmiða. Markmiðið var að tryggja jafnréttissjónarmið í því starfi sem Velferðarvaktin sinnir. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með þróun velferðarmála í kjölfar hrunsins 2008. Árið 2014 voru skipaðir nýir fulltrúar í Velferðarvaktina og tók Tryggvi Hallgrímsson sæti fyrir Jafnréttisstofu en Hugrún R. Hjaltadóttir er varamaður hans. Verkefni nýrrar Velferðarvaktar eru samkvæmt skipunarbréfi helst bundin málefnum barna og fjölskyldna.

SAMRÁÐSHÓPUR UM REGLUGERÐ UM JAFNLAUNAVOTTUN

Í október 2008 skrifuðu félags- og tryggingamálaráðherra, Alpýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins undir viljayfirlýsingu um að þau hygðust í samráði við Staðlaráð Íslands hefja gerð staðals sem nýst gæti sem undirstaða vottunar launajafnréttis á vinnumarkaði. Yfirlýsing með gerð staðalsins var í höndum svokallaðrar tækninefndar. Jafnréttisstofa átti aðild að tækninefndinni ásamt fleiri aðilum en Tryggvi Hallgrímsson, sérfræðingur á Jafnréttisstofu, sinnti því starfi. Vinnu að staðlinum lauk árið 2012 en þá hófst vinna við ritun reglugerðar um vottun á jafnlaunakerfum fyrirtækja og stofnana á grundvelli staðalsins ÍST- 85:2012. Drög að reglugerðinni voru kynnt til umsagnar í lok árs 2013 og reglugerðin birt í október 2014.

FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd skv. lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 hóf störf 1. september 2011. Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði Ingibjörgu Elíasdóttur, lögfræðing á Jafnréttisstofu og fjölmiðlafræðing, varamann í nefndina til 31. ágúst 2015.

FRAMKVÆMDANEFND UM LAUNAJAFNRÉTTI KYNJANNA

Í desember 2011 skipaði velferðarráðherra framkvæmdanefnd um launajafnrétti kynjanna sem meðal annars var falið að samhæfa aðgerðir til að draga úr launamisrétti kynja og vinna að gerð tímasettrar aðgerðaáætlunar. Aðgerðaáætlunin var samþykkt á fundi ríkisstjórnarinnar í september 2012 og kynnt þann 24. október. Framkvæmdanefndinni var falið að starfa áfram og fylgja aðgerðaráætluninni eftir. Framkvæmdanefndin fundaði reglulega með fulltrúum úr Aðgerðahópi um launajafnrétti. Fulltrúi Jafnréttisstofu í framkvæmdanefndinni er Tryggvi Hallgrímsson.

NEFND UM ENDURSKOÐUN REGLNA Í TENGLUM VIÐ AÐGERÐIR GEGN EINELTI Á VINNUSTÖÐUM

Í september 2011 skipaði velferðarráðherra nefnd til að endurskoða reglur í lögum og reglugerðum sem fjalla um einelti á vinnustöðum, þar á meðal kynferðislega áreitni. Tryggvi Hallgrímsson átti sæti í nefndinni fyrir hönd Jafnréttisstofu. Nefndin fjallaði um álitæfni sem upp hafa komið í tengslum við einelti á vinnustöðum, þar á meðal samspil laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, sem og um efni rammasamnings aðila vinnumarkaðarins á Evrópuvísu um einelti og ofbeldi á vinnustöðum. Í nefndinni var áhersla á víðtæka samvinnu og voru drög hennar að reglugerð lögð fram til kynningar og umsagnar. Störfum nefndarinnar lauk á árinu 2014 þegar ráðherra voru afhent drög að reglugerð ásamt skýrslu. Reglugerðin hefur ekki ennþá tekið gildi.

SAMSTARFSTEYMI VEGNA HEIMILISOFBELDIS

Árið 2013 setti þáverandi velferðarráðherra á fót samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis til þriggja ára. Ingibjörg Elíasdóttir var skipuð í teymið fyrir hönd Jafnréttisstofu. Hlutverk samstarfsteymisins er meðal annars að hafa umsjón með að fylgt sé samræmdri heildarstefnu um heimilisofbeldi, hrinda tilraunaverkefnum í framkvæmd og koma á föstu samstarfi milli félagsþjónustu, barnaverndar, heilbrigðisþjónustu, Jafnréttisstofu, lögreglu og félagsamtaka. Einnig er teyminu ætlað að sjá til þess að öll sveitarfélög á Íslandi setji sér aðgerðaáætlun á þessu sviði. Í byrjun desember 2014 hélt samstarfsteymið, í samstarfi við Jafnréttisstofu, fjölmennt námskeið á Akureyri fyrir lögreglu, félagsþjónustu og fleiri sem koma að/geta komið að málum varðandi heimilisofbeldi. Námskeiðið byggði á verkefni lögreglu og félagsþjónustu á Suðurnesjum sem kallaðist „Að halda glugganum

opnum“. Námskeiðið miðaði að því að koma á tengslum og samstarfi þeirra aðila í samfélaginu sem vinna við mál um heimilisofbeldi. Námskeiðinu var mjög vel tekið og ákveðið að fara með það um allt land á árinu 2015.

SÉRFRÆÐIHÓPUR UM JAFNRÉTTISFRÆÐSLU

Á árinu 2013 var lagður grunnur að Jafnréttisskóla Reykjavíkurborgar. Sérfræðihópur um jafnréttisfræðslu var skipaður í nóvember það ár sem fundaði í kjölfarið með Auði Magnðisi Auðardóttur, verkefnastjóra Jafnréttisskólans. Bergljót Þrastardóttir var skipuð í starfshópin fyrir hönd Jafnréttisstofu.

NEFND UM MÁLEFNI HINSEGIN FÓLKS

Þingsályktun um skipun nefndar um málefni hinsegin fólks var samþykkt á Alþingi þann 15. janúar 2014 og var félags- og húsnæðismálaráðherra falið að skipa nefndina með þátttöku hagsmunaaðila, sérfræðinga og stjórnmalaflokka. Hlutverk nefndarinnar er að gera tillögur að samþættri aðgerðaáætlun um bættu stöðu hinsegin fólks í samfélaginu. Bergljót Þrastardóttir var skipuð í nefndina fyrir hönd Jafnréttisstofu.

RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING OG OPNIR FUNDIR

Á hverju ári tekur Jafnréttisstofa þátt í undirbúningi ýmissa funda og ráðstefna bæði sjálfstætt og í samstarfi við aðra. Hér eru nefndir nokkrir slíkir fundir.

JAFNRÉTTISTORG

Jafnréttisstofa og Háskólinn á Akureyri hafa undanfarin ár staðið sameiginlega að fyrirlestraröð um jafnréttismál undir yfirskriftinni Jafnréttistorg. Árið 2014 voru haldnir 4 fyrirlestrar. Þann 5. febrúar flutti Bergljót Þrastardóttir erindið „Fjölbreytileiki í stjórnnum fyrirtækja“ sem fjallaði um kynjakvóta í stjórnnum íslenskra fyrirtækja. Þann 12. febrúar flutti Ingibjörg Elíasdóttir erindið „Ekki benda á mig...“ - Um mismunun á íslenskum vinnumarkaði. Í erindinu var fjallað um niðurstöður rannsóknar sem Jafnréttisstofa lét gera um jafnrétti og mismunun á vinnumarkaði. Þann 17. september flutti Arnhildur Hálfánardóttir, fréttamaður, erindið „Aðgengi eða áhugi? Munur á röðun og vægi fréttar eftir karla og konur“. Þann 5. nóvember flutti Alda Hrönn Jóhannsdóttir, settur aðstoðarlögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, erindið „Heimilisofbeldi sem samfélagsmein – kynning á verklagi og hugmyndafræði á Suðurnesjum“.

MÁLÞING UM MARGBREYTILEIKA SAMFÉLAGSINS

Þann 20. febrúar efndi Jafnréttisstofa, ásamt Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fjölmenningssetrinu, til málþings um margbreytileika samfélagsins. Málþingið var haldið á Akureyri, á Ísafirði og í Reykjavík en þátttakendur tengdust í gegnum fjarfundabúnað. Á málþinginu voru kynntar niðurstöður rannsóknar sem Jafnréttisstofa lét gera um mismunun á vinnumarkaði og rannsókn Fjölmenningsseturs um uppruna og fjölbætta mismunun. Þetta var samstarfsverkefni, styrkt af Progress áætlun Evrópusambandsins.

8. MARS

Að venju var haldið upp á alþjóðlegan baráttudag kvenna þann 8. mars. Á Akureyri stóð Jafnréttisstofa í samstarfi við Zontaklúbbanna á Akureyri, fyrir hádegisfundi undir yfirskriftinni Barátta gegn ofbeldi á konum. Á fundinum fluttu erindi Tryggvi Hallgrímsson sérfræðingur á Jafnréttisstofu, Guðjón Hreinn Hauksson kennari við Menntaskólann á Akureyri, Asra Rán Björt Zawarty Samper og Hafrún Gunnarsdóttir frá Femínistafélagi Menntaskólans á Akureyri og Þorsteinn Pétursson fyrrverandi lögregluþjónn.

FJÖLBREYTT FORYSTA

Þann 11. apríl var fundur Jafnréttisstofu og Félags kvenna í atvinnulífinu á Norðurlandi (FKA) um faglega og fjölbreytta forystu í fyrirtækjum. Fundurinn fór fram á Hótel Kea og var fjölmennur en fólk úr norðlensku atvinnulífi fjölmennti á fundinn. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, Kristín Ástgeirsdóttir, minntist niðurstaðna rannsókna sem sýna hvernig fjölbreytni í mannauði getur skilað fyrirtækjum betri niðurstöðu í rekstri. Frummælendur á fundinum voru Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands, Örn Arnar Óskarsson, framkvæmdastjóri Ásbyrgi-Flóra ehf., Kristín Halldórsdóttir, mjólkurbússtjóri MS á Akureyri, Baldur Dýrfjörð, forstöðumaður þróunar hjá Norðurorku hf. og Una Steinsdóttir, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka: Una kynnti félag innan bankans sem ber heitið Spírur – átak sem átti tildrög í hvatningarverkefninu Auður í krafti kvenna.

VALDEFLANDI STARF

Í júní stóð Jafnréttisstofa ásamt Reykjavíkurborg og Landlæknisembættinu að ráðstefnu um valdeflandi starf með börnum og unglingum.

AUKIÐ JAFNRÉTTI – AUKIN HAGSÆLD

Þann 27. maí héldu UN Women á Íslandi, Festa og Samtök Atvinnulífsins (SA), í samstarfi við Jafnréttisstofu ráðstefnu um stöðu og þróun jafnréttismála á atvinnumarkaði undir yfirskriftinni “Aukið jafnrétti – aukin hagsæld”. Á ráðstefnunni var fjallað um mikilvægi þess að fyrirtæki setji jafnréttismál á oddinn út frá viðskiptalegum forsendum og samfélagsábyrgð. Einnig var rætt um mikilvægi þess að hafa blandaðar stjórnir og stjórnendur í fyrirtækjum bæði út frá jafnréttissjónarmiðum og af þeirri einföldu ástæðu að teknar eru betri ákvarðanir fyrirtækjum til heilla. Jafnréttissáttmáli UN Women og UN Global Compact (WEP) var kynntur og skrifuðu fimm félög undir sáttmálann Arion banki, Alcoa Global, Fjarðarál, Össur, Actavis á Íslandi og Orkuveita Reykjavíkur. Þessi fyrirtæki bætast í hóp þeirra 14 fyrirtækja sem nú þegar hafa undirritað sáttmálann. Auk þess gaf Stjórnarráðið út yfirlýsingu þess efnis að það hyggst innleiða sáttmálann í stjórnslunni og er það í fyrsta skipti sem þjóðríki tengist Jafnsáttmálanum á þennan hátt. Rio Tinto Alcan hlaut jafnréttisviðurkenningu á ráðstefnunni fyrir framúrskarandi starf á sviði jafnréttismála.

KVENNASÖGUGANGA

Kvennasöguganga Jafnréttisstofu og samstarfsaðila á kvenréttindadaginn 19. júní var mjög vel sótt í ár en 100 manns tóku þátt að þessu sinni. Gengið var í annað sinn um Oddeyrina og fræðst um líf og störf kvenna, en konur á Eyrinni tóku virkan þátt í atvinnulífinu og sáu um ýmiskonar rekstur um aldarmótin 1900 og fram á miðja 20. öld. Guðfinna Hallgrímsdóttir og Hallgrímur Skaptason leiddu

gönguna og vörpuðu ljósi á líf kvenna og ýmsar uppákomur, hefðir og venjur sem ríktu á Eyrinni. Hægt er að finna upplýsingar um Kvennasögugönguna á heimasíðu Jafnréttisstofu undir flípanum: Útgefið efni. Í kjölfar göngunnar var boðið upp á sýningu á myndinni Monika Z og var aðsókn að myndinni slík að sumir gestir þurftu að njóta myndarinnar án þess að fá sæti í sýningarsal kvikmyndahússins.

LANDSFUNDUR JAFNRÉTTISNEFNDA SVEITARFÉLAGA

Reykjavíkurborg bauð til landsfundar jafnréttisnefnda sveitarfélaga daganna 18.-19. september 2014. Landsfundur jafnréttisnefnda er haldinn árlega og er vettvangur fyrir fólk sem vinnur að jafnréttismálum innan sveitarfélaga til að koma saman og ræða helstu þætti jafnréttisstarfsins og kynna sér hvað er efst á baugi í öðrum sveitarfélögum. Að þessu sinni var fundurinn tvískiptur. Fyrri dagurinn var opinn fyrir alla og miða flestir dagskrárliðir að virkri þátttöku þeirra sem mæta. Seinni dagurinn var einungis ætlaður nefndarfólki og starfsfólki sveitarfélaga og var hugsaður sem vettvangur fyrir samráð. Efnistökin voru fjölbreytt en leitast var við að varpa nýju ljósi á jafnréttismál, skoða forrættindastöðu og hvernig fólk sem nýtur forrættinda getur nýtt hana til að tryggja öðrum hópum aukin réttindi. Auk þess var sagt frá mörgum praktískum dæmum sem nýtast sveitarstjórnarfólki beint í störfum sínum.

VERKAKVENNAFÉLAGIÐ FRAMSÓKN 100 ÁRA

Þann 10. október var haldin ráðstefna í Iðnó í Reykjavík til að minnast 100 ára afmælis Verkakvennafélagsins Framsóknar sem var fyrsta félag verkakvenna sem stofnað var hér á landi. Jafnréttisstofa stóð að ráðstefnunni ásamt ASÍ og tók Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra þátt í pallborðsumræðum.

24. OKTÓBER - ÖRYGGI KVENNA Í UMÖNNUNAR- OG ÞJÓNUSTUSTÖRFUM

Þann 24. október hélt Jafnréttisstofa, í samstarfi við Akureyrarbæ, opinn fund um stöðu kvenna í umönnunar- og þjónustustörfum með sérstakri áherslu á kynbundna og kynferðislega áreitni. Frummælendur voru Jóhanna Berglind Bjarnadóttir og Katrín Björnsdóttir hjúkrunarfræðingar á Öldrunarheimilum Akureyrar en þær ræddu um kynferðislega áreitni í umönnunarstörfum. Harpa Ólafsdóttir kom frá stéttarfélaginu Eflingu og nefndi hún erindi sitt „Eru línurnar í lagi?“. Þá greindu Margrét Helga Erlingsdóttir og Elín Inga Bragadóttir, meðlimir Barnings, sjálfstætt starfandi lista- og hugsjónahóps, frá dæmum um framkomu við konur í þjónustustörfum og kynntu framtak sitt „kynlegar athugasemdir“.

EINELTI Í ALLRI SINNI MYND

Jafnréttisstofa, Háskólinn á Akureyri og Símenntun HA buðu til málþings um einelti í allri sinni mynd þann 21. nóvember. Málþingið var sett upp sem vettvangur fyrir fagstéttir og alla þá sem vilja leggja sitt að mörkum til að vinna gegn og uppræta einelti í íslensku samfélagi. Á málþinginu töluðu Sigrún Sigurðardóttir lektor við HA, Sandra Sif Jónsdóttir jógakennari og nemandi við HA, Ingibjörg Auðunsdóttir sérfræðingur á Miðstöð Skólaþróunar við HA, Kjartan Ólafsson lektor við HA, Sigríður Inga Karlsdóttir dósent við HA, Sigríður Halldórsdóttir prófessor við HA, Vanda Sigurgeirsdóttir lektor við HÍ., Sigurgeir Stefánsson frá Vinnueftirlitinu, Ársæll Már Árnason prófessor við HA og Helga Dögg Sverrisdóttir grunnskólakennari og nemandi við HA. Efnistökin voru mjög fjölbreytt og reynt að nálgast viðfangsefnið frá sem flestum hliðum.

VAL Á STJÓRNARMÖNNUM Á TÍMUM KYNJAKVÓTA

Þann 4. desember var haldinn morgunverðarfundur á Grand Hótel Reykjavík um hlut karla og kvenna í stjórnnum fyrirtækja. Fundurinn var hluti af verkefni Jafnréttisstofu um konur í stjórnnum fyrirtækja. Á fundinum var leitað svara við því hvort lögin um kynjakvóta í stjórnnum fyrirtækja hafi haft áhrif á stjórnarhætti og val í stjórnir fyrirtækja. Auður Arna Arnardóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík sagði frá niðurstöðum rannsóknar um samsetningu stjórna og vali í stjórnir fyrirtækja en rannsóknin var studd af Jafnréttisstofu, SA, og Nasdaq á Íslandi. Þá var fjallað um þróun kynjakvóta í Noregi og fleiri löndum. Prófessor Morten Huse frá BI, viðskiptaháskólanum í Ósló, einn helsti fræðimaður í dag á sviði stjórnarhátta fyrirtækja og kynjakvóta tók þátt í fundinum.

16 DAGA ÁTAK GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

16 daga átak gegn kynbundnu ofbeldi er alþjóðlegt átak sem rekja má allt aftur til ársins 1991. Upphafsdagur átaksins er 25. nóvember, alþjóðlegur baráttudagur gegn ofbeldi gegn konum og lokadagur 10. desember sem er alþjóðlegur mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna. Jafnréttisstofa hefur undanfarin ár haldið utan um dagskrána á Akureyri í samstarfi við Akureyrarbæ og ýmis félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir. Átakið beinist að því að draga kynbundið ofbeldi fram í dagsljósið sem mannréttindabrot. Áhersla er lögð á að vera vakandi fyrir þeirri vá sem fylgir heimilisofbeldi sem er mjög falið vandamál í okkar samfélagi. Borgarar eru hvattir til að virða sjálfsögð réttindi allra til öryggis og vellíðunar á þeim griðastað sem heimilið á að vera og viðurkenna að heimilisofbeldi er aldrei einkamál. Í ár var ákveðið að setja *Aflið samtök gegn kynferðis- og heimilisofbeldi* í forgrunn átaksins á Akureyri. Aflið var stofnað árið 2002 og hefur síðan þá verið bakhjarl einstaklinga, á Norðurlandi og víðar, sem orðið hafa fyrir kynferðis- og eða heimilisofbeldi og aðstandendur þeirra.

Meðal dagskrárliða má nefna ljósagöngu frá Akureyrarkirkju, kvikmyndasýningu í boði Mjólkursamsölunnar og kökubasar til styrktar Afliinu. Námskeið var haldið um forvarnir og aðgerðir gegn heimilisofbeldi í samstarfi við samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis. Þá má nefna upplestur Steinars Braga Guðmundssonar rithöfundar úr bók hans „Kata“ og fyrirlestur Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur verkefnastýru hjá Tabú þar sem hún fjallaði um ofbeldi gegn fötluðum konum.

Í Reykjavík tók Jafnréttisstofa þátt í málþingi með Mannréttindaskrifstofu Íslands, Utanríkisráðuneytinu, Rauða krossinum á Íslandi og Félagi Sameinuðu þjóðanna á Íslandi undir yfirskriftinni *Konur, fríður og öryggi: Framlag Íslenskra kvenna og stjórnvalda til friðaruppbyggingar á stríðssvæðum*. Á málþinginu var veitt innsýn í störf aðila sem unnið hafa að jafnréttismálum og þar af leiðandi friðaruppbyggingu á stríðsátakasvæðum. Fjórar konur fluttu erindi, þær Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Steinunn Björk Bjarkardóttir Pieper, Magnea Marínósdóttir og Helga Þórolfsdóttir, sem allar hafa unnið erlendis fyrir alþjóðastofnanir sem og á vegum Friðargæslu Íslands. Einnig ræddi Hermann Ingólfsson, sviðsstjóri í utanríkisráðuneytinu, skuldbindingar íslenskra stjórnvalda á sviði jafnréttis- og friðarmála í þessu samhengi. Kristín Ástgeirsdóttir var fundarstjóri.

FRÆÐSLUFUNDIR OG ERINDI

Starfsfólk Jafnréttisstofu heldur á hverju ári fjölda erinda um jafnrétti kynjanna á margvíslegum vettvangi innanlands sem utan. Flest eru þau haldin að ósk aðila sem leita til Jafnréttisstofu, en önnur eru flutt í tengslum við verkefni sem stofan tekur þátt í eða stýrir.

Erindi sem starfsfólk Jafnréttisstofu hefur haldið innanlands hafa tengst hinum ýmsu þáttum jafnréttisstarfsins. Sum erindin eru um starfsemi stofunnar, jafnréttislöggjöfina og stöðu jafnréttismála á hinum ýmsu sviðum samfélagsins. Önnur eru hins vegar kynning á rannsóknarniðurstöðum eða tengd stærri málefnum í jafnréttisbaráttu, svo sem launamun kynjanna, vinnustaðamenningu eða baráttu gegn kynbundnu ofbeldi. Einnig hefur starfsfólk Jafnréttisstofu flutt erindi og heimsótt vinnustaði, stéttarfélög, sveitarfélög, félagasamtök og skóla sem þess hafa óskað. Of langt mál væri að telja upp alla þá fundi en nokkra ber þó að nefna.

Á árinu tók Kristín Ástgeirsdóttir að venju þátt í fjölda funda og ráðstefna. Í febrúar boðaði Umboðsmaður barna til fundar til að ræða ótímabærar lýtaaðgerðir á unglingsstúlkum en nokkur umræða hafði orðið um þau mál. Í mars var Kristín með erindi á málþingi í Glerárkirkju á Akureyri um jafnréttismál en þar voru fulltrúar framboða til sveitarstjórna sérstaklega boðaðir til viðræðna. Í apríl flutti Kristín erindi á alþjóðlegum fundi þingkvenna í Reykjavík um stöðu kynjajafnréttis og helstu áskoranir í þeim málum. Í maí sótti Kristín fund Íslensk-Ameríska verslunarráðsins í New York og flutti þar erindi um árangur Íslands í jafnréttismálum. Í ágúst var haldið upp á 40 ára afmæli norrænnar samvinnu á sviði jafnréttismála. Þar var framkvæmdastýra Jafnréttisstofu með samantekt í lok ráðstefnunnar. Í nóv. var haldinn fundur Evrópuríkja til að undirbúa fund Kvennanefndar SP í tilefni af 20 ára afmæli Pekingsáttmálans. Kristín sótti fundinn ásamt Rósu G. Erlingsdóttur frá velferðarráðuneytinu. Í desember var haldinn fundur í ÄK-JÄM í Reykjavík en það er sú nefnd Norrænu ráðherranefndarinnar sem fjallar um jafnréttismál. Kristín sat þann fund enda var verið að gera upp formennskuárið 2014.

Boðið var upp á jafnréttisfræðslu fyrir alla nemendur níunda bekkjar í grunnskólum Akureyrar sem Arnfríður Aðalsteinsdóttir sá um. Hún flutti fyrirlestur og og tók þátt í fræðslu á jafnréttisdegi Kvenfélagasambands Eyjafjarðar ásamt Kristínu Ástgeirsdóttur. Meðal annarra fyrirlestra sem Arnfríður flutti má nefna fyrirlestur og fræðsla fyrir LC konur á Akureyri og fyrir þátttakendur á málþingi Landssambands íslenskra stúdenta. Erindið bar yfirskriftina *Hinir nýju kvenskólur og fjallaði um kynin í háskólanámi*. Arnfríður flutti einnig fyrirlestur á málþingi um heilsueflandi framhaldsskóla. Þá hélt Arnfríður sex námskeið um gerð jafnréttisáætlana fyrir stjórnendur í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar, frístunda- og félagsmiðstöðvum. Um 130 manns sóttu námskeiðin sem haldin voru í samstarfi við Jafnréttisskólann í Reykjavík. Einnig sá hún um námskeið fyrir leikskólastjóra í Kópavogi, fræðslu fyrir starfsfólk Lindarskóla í Kópavogi, Kópavogsskóla og Síðuskóla á Akureyri, fyrir starfsfólk leikskóla á Vopnafirði og í Eyjafjarðarsveit og fyrir nemendur Starfsendurhæfingar Norðurlands. Af öðrum námskeiðum eða fræðslufundum má nefna fræðslu, fyrir nemendur í kynjafræði við Háskólann á Akureyri, fræðslu, ásamt Bergljótu Þrastardóttur, fyrir tónlistarskólakennara á Akureyri og námskeið fyrir stjórnendur og forstöðumenn í Garðabæ. Farið var í sérstaka fundarferð um Austurland þar sem opnir fundir voru haldnir. Arnfríður og Bergljót Þrastardóttir funduðu með íbúum Langanesbyggðar, Vopnafjarðar, Fljótshéraðs, Borgarfjarðarhrepps, sveitarstjórnarfólki, forstöðumönnum stofnanna og fyrirtækja á svæðunum.

Loks var funduðu Bergljót og Arnfríður með jafnréttisnefnd Seyðisfjarðarkaupstaðar, jafnréttisnefnd Alcoa Fjarðaáls og jafnréttisnefnd Borgarfjarðarhrepps.

Bergljót Þrastardóttir heimsótti þó nokkur fyrirtæki á árinu og bauð upp á fræðslu um gerð jafnréttisáætlana og um gildi fjölskylduvænnar vinnumenningar. Þann 28. febrúar flutti Bergljót erindi á málþingi RIKK um þátttöku kvenna í sveitarstjórnnum: „Ég veit að þetta eru kynjaveggir“. Viðhorf og reynsla kvenna í pólitísku starfi á sveitarstjórnarstiginu. Þann 20. maí flutti hún erindið: „Virkjum hæfileikana!“ á aðalfundi Spíranna, félags kvenstjórnenda í Íslandsbanka. Bergljót skipulagði og kenndi í samstarfi við Sigrúnu Sigurðardóttur, lektor við heilbrigðisvísindasvið HA og Ágúst Þór Árnason, aðjúnt við lagadeild HA haustannarnámskeið í HA: Sálræn áföll, ofbeldi og áfallastreita.

Hugrún R. Hjaltadóttir flutti erindi í á fundi hjá KFUK í mars en þar var fjallað um klámvæðingu. Hugrún kenndi einnig samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna við Háskóla Íslands.

Ingibjörg Elíasdóttir var á árinu með ýmis fræðsluerindi. Sem dæmi má nefna fræðslu um jafnréttislögin og um jafnréttismál, sérstaklega skyldur atvinnurekenda, hjá meistaranemum í kennaradeild við Háskólann á Akureyri og hjá nemum í mannauðsstjórnun við viðskiptadeild sama skóla. Hún kom einnig að kennslu í kynjafræði við HA. Þann 10. febrúar var hún með fræðslu um jafnréttismál fyrir Zontaklúbbinn Þórunni Hyrnu á Akureyri, fræðsluerindi hjá BSRB í Reykjavík og með erindi á málþingi jafnréttisnefndar Þjóðkirkjunnar í mars. Í september hitti Ingibjörg þingmannanefnd frá norðuríraska þinginu og sagði frá stöðu jafnréttismála á Íslandi og fjallaði um inntak jafnréttislaganna.

Þann 30. janúar flutti Tryggvi Hallgrímsson erindi um rannsókn á mismunun á vinnumarkaði á málþingi Mannréttindaskrifstofu Íslands, Jafnréttisstofu og Fjölmenningsseturs sem haldið var í Háskólanum á Akureyri. Þann 8. mars flutti Tryggvi fyrirlesturinn „Hvað getum við gert?“ á fundi Zontaklúbbs Akureyrar. Fyrirlesturinn leitaðist við að svara því hvaða hlutverki karlar gegna í umræðunni um jafnréttismál og benda á ýmsar færar leiðir til að draga úr kynbundnu ofbeldi. Þann 28. október flutti Tryggvi erindið „Exchange of good practices on gender equality“ á ráðstefnu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk karla í jafnréttismálum sem haldin var í Helsinki, Finnlandi. Í erindinu var fjallað um áhrif fæðingarorlofslaga á breytt viðhorf um þátttöku karla í umönnun og uppeldi. Daginn eftir, þann 29. október stjórnaði Tryggvi vinnustofu þrettán þátttökulanda, sem hafði að markmiði að gefa innsýn í ólíka stefnumótun landanna á sviðum umönnunarstefnu.

NÁMSKEIÐ

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið um jafnréttisstarf fyrir fyrirtæki og stofnanir. Námskeiðin eru sérstaklega sniðin að þörfum þeirra sem eftir þeim óska. Fjallað er um jafnréttisstarf í víðu samhengi, svo sem jafnréttislögin, aðferðafræði við samþættingu og gerð jafnréttisáætlana. Einnig fjallar starfsfólk Jafnréttisstofu um önnur atriði sem snúa að jafnrétti kynja að ósk þeirra sem biðja um námskeiðin hverju sinni.

STAÐA JAFNRÉTTISMÁLA OG JAFNRÉTTISLÖGGJÖFIN

Námskeiðið er u.þ.b. ein til tvær klukkustundir að lengd en getur verið aðlagð að þörfum þeirra sem óska eftir því. Fjallað er um stöðu jafnréttismála í íslensku samfélagi og farið yfir jafnréttislöggjöfina ásamt því að þátttakendur eru hvattir til þess að ræða málin og kryfja hvað felst í hugtakinu jafnrétti.

NÁMSKEIÐ UM GERÐ JAFNRÉTTISÁÆTLANA

Námskeiðið er á bilinu ein til fjórar klukkustundir að lengd og sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja jafnréttisstarf og ætla að setja sér jafnréttisáætlun. Einnig hefur það verið aðlagð fyrir þá sem eru að endurskoða eldri áætlanir í samræmi við nýja löggjöf. Hvert námskeið er aðlagð að þeim sem óska eftir því og reynt er að taka inn dæmi tengd þeim vinnustað sem á í hlut hverju sinni.

NÁMSKEIÐ UM KYNJASAMÞÆTTINGU

Námskeiðið er á bilinu ein til fjórar klukkustundir að lengd og er sérstaklega hugsað fyrir stofnanir og fyrirtæki sem eru að hefja samþættingarvinnu. Á námskeiðinu er farið í grundvallaratriði kynjasamþættingar, hvað þarf að hafa í huga áður en vinnan hefst og farið í gegnum hagnýtar leiðir við vinnu að samþættingarverkefnum. Námskeiðið byggir á handbókinni *Jöfnum leikinn*.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA FYRIR KENNARA OG STARFSFÓLK SKÓLA

Í tengslum við verkefnið *Jafnréttisáætlanir í alla skóla* hefur Jafnréttisstofa boðið upp á ráðgjöf og fræðslu með það að markmiði að efla kynjafræðilegan grunn skólastjórnenda, kennara og starfsfólks skóla. Ráðgjöfin fer að mestu fram í gegnum síma og / eða með tölvupósti. Einnig hefur starfsfólk Jafnréttisstofu farið víða með fyrirlestra, fræðslu og námskeið.

NÁMSKEIÐ UM KYNBUNDIÐ OFBELDI

Í byrjun desember stóð Jafnréttisstofa, í samstarfi við samstarfsteymi vegna heimilisofbeldis, fyrir námskeiði um forvarnir og aðgerðir gegn heimilisofbeldi. Námskeiðið, sem haldið var á Akureyri, var ætlað starfsfólki félagsþjónustu, heilsugæslu, lögreglu, skóla, barnavernd og öðrum sem vinna með heimilisofbeldi og afleiðingar þess. Tilgangur námskeiðsins var að miðla þekkingu sem skapast hefur á Suðurnesjum í tengslum við verkefnið *Að halda glugganum opnum*. Samskonar námskeið eru fyrirhuguð í öllum landshlutum árið 2015.

VERKEFNI

Jafnréttisstofa vinnur að margvíslegum verkefnum, ýmist sjálfstætt eða í samstarfi við aðra. Hér eru nefnd stærri verkefni stofunnar.

KARLAR TIL ÁBYRGÐAR

Karlar til ábyrgðar er verkefni sem hófst árið 1998 en féll svo niður eftir tveggja ára tilraun. Verkefninu var komið aftur af stað 2006. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðarárræðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi. Bæði er boðið upp á einstaklingsmeðferð og hópmeðferð hjá sálfræðingum. Þótt karlar séu ekki einir um að beita ofbeldi var meðferðarárræðið lengst af

aðeins fyrir þá. Verkefnisstjórn verkefnisins er í höndum Jafnréttisstofu en Ingólfur V. Gíslason er verkefnisstjóri þess og formaður stjórnar. Hugufrún R. Hjaltdóttir starfsmaður Jafnréttisstofu situr í stjórninni ásamt fulltrúa frá Kvennaathvarfinu. Umsjón meðferðarúrræðisins er í höndum sálfræðinganna Einars Gylfa Jónssonar og Andrésar Ragnarssonar. Kristján Már Magnússon sálfræðingur starfar á vegum verkefnisins á Akureyri. Verkefnið hefur verið útvíkkað og nær nú betur til maka og kvenna sem beita ofbeldi. Árið 2014 var lokið við árangursmat á verkefninu sem unnið var af RBF – rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands. Bæði var rætt við karla sem höfðu nýtt sér úrræðið *Karlar til ábyrgðar* og maka þeirra. Niðurstaða árangursmatsins var mjög jákvæð.

KONUR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Árið 2013 hlaut Jafnréttisstofa styrk frá Progress-sjóði Evrópusambandsins, til tveggja ára. Bergljót Þrastardóttir er verkefnisstjóri verkefnisins sem unnið er í samstarfi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti. Markmið verkefnisins er að stuðla að auknum hlut kvenna í stjórnum fyrirtækja og sýnileika kvenna í áhrifastöðum í atvinnulífinu. Boðið hefur verið upp á á námskeið um jafnréttismál og gerð jafnréttisáætlana í fyrirtækjum þar sem fleiri en 50 manns starfa á ársgrundvelli, gögnum safnað um stöðu og tækifæri kynjanna þegar kemur að stjórnarsetu og vitundarvakning sett af stað og fundir haldnir til að auka vitund fólks um málefnið settar í gang. Með verkefninu vill Jafnréttisstofa leggja áherslu á að lagasetning um jöfn kynjahlutföll í stjórnnum er ekki nóg til að ýta undir aukin völd kvenna í efnahagslífinu, það þarf að hafa áhrif á hugmyndir fólks og leggja áherslu á mikilvægi fjölbreytileika í stjórnnum og við stjórnun fyrirtækja. Verkefninu lýkur árið 2015.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA OG NÁMSEFNISGERÐ

Með vísan í þingsályktun um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára (2011—2014) lið 29 um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum gerði menntamálaráðuneytið samning við Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisfræðsluefnis. Jafnréttisstofa samdi við, a) kennara á leikskólanum Lundarseli á Akureyri um að vinna kennsluleiðbeiningar til útgáfu með barnabókinni *Þegar Friðrik var Fríða / Þegar Rósa var Ragnar* og b) kennara í Vogaskóla um að vinna kennsluleiðbeiningar með söguramma við námsefnið sem unnið var með í þróunarverkefninu *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum*. Námsefnið var tilbúið til útgáfu við upphaf skólaárs 2013 – 2014. Fjármagnið, 1,1 milljón sem ætlað var í verkefnið dugði hins vegar einungis fyrir höfundalaunum, prófarkarlestri og uppsetningu í prentsmiðju. Fjármagn vantar því til að prenta námsefnið og kynna. Í apríl 2014 sótti mennta- og menningarmálaráðuneytið um styrk að upphæð 2 milljónir í Framkvæmdasjóð jafnréttismála samkvæmt framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2011 – 2014 en hann fékkst ekki. Styrkinn átti að nota til að ljúka verkefninu, þ.e. gefa námsefnið út og kynna í leik- og grunnskólum landsins. Einnig hefur tvívegis verið sótt um styrk í Þróunarsjóð námsgagna, árið 2014 og 2015. Fáist ekki styrkur úr Þróunarsjóði námsgagna 2015 verður efnið gefið út á vef og kynnt með bréfi til allra leik- og grunnskóla landsins.

SAMRÆMING FJÖLSKYLDU OG ATVINNULÍFS

Í lok janúar frumsýndi Jafnréttisstofa fræðslumynd um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Myndin sem er ein afurð vinnuhóps um samræmingu fjölskyldu og atvinnulífs sem lokið hefur störfum. Efnið er m.a. ætlað sveitarfélögum og framhaldsskólum í landinu. Fræðsluefnið var unnið í samvinnu við sjónvarpsstöðina N4 á Akureyri og byggir á viðtölum við fræðimenn, atvinnurekendur og launafólk. Handritsgerð var í höndum Jafnréttisstofu. Velferðarráðuneytið sótti um styrk til

verksins með vísan í annan lið framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum og fékkst hann. Þar kemur fram að verja skuli fjármagni til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta til að nýta niðurstöður, reynslu og þekkingu eða innleiða tillögur sem telja má til afraksturs af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

JAFNRÉTTISFRÆÐSLA Í EVRÓPU

Í nóvember hófst verkefni um gerð náms- og fræðsluefnis um jafnréttismál. Jafnréttisstofa tekur þátt í verkefninu ásamt fulltrúum stjórnvalda í fylkinu Nieder Österreich (Austurríki) og fulltrúum félagasamtaka í Króatíu og Litháen. Tilgangur verkefnisins er að þróa og samræma námsefni fyrir þá sem sinna fræðslu um kynjajafnrétti í Evrópu. Verkefnið fékk styrk úr Erasmussjóðnum. Fundur var haldinn í borginni St. Pölten í Austurríki.

STARFSNEMI Á JAFNRÉTTISSTOFU

Jafnréttisstofu bauðst að fá starfsnema í þrjá mánuði sem deildust á árin 2013 og 2014. Neminn var Bjarki Ármann Oddsson sem er MA í opinberri stjórnsýslu. Verkefni hans var að vinna úr könnun á stöðu jafnréttismála innan sveitarfélaganna og einnig að útbúa fræðsluefni um jafnréttismál.

ERLENDIR OG INNLENDIR GESTIR

Jafnréttisstofa tekur á hverju ári á móti erlendum gestum sem koma til landsins í ýmsum erindagjörðum sem tengjast jafnrétti kynja. Á árinu 2014 komu bæði hópar og einstaklingar til að fræðast um starfsemi Jafnréttisstofu og stöðu jafnréttismála á Íslandi.

Utanríkisráðherra kom í heimsókn 16. janúar en hann var á Akureyri til að kynna sér norðurslóðamál sem Jafnréttisstofa tekur þátt í með aðild sinni að Norðurslóðanetinu.



Í mars kom til landsins Katarzyna Zwolak, starfsmaður The Congress of Women (Kongres Kobiet) í Varsjá í Póllandi. Tilgangur heimsóknarinnar var að undirbúa umsókn um styrk fyrir fræðsluverkefni um ýmis atriði varðandi jafnrétti kynjanna, fyrst og fremst fyrir fjölmiðla- og stjórnmalafólk í Póllandi. Ingibjörg Elíasdóttir fór í júní til Varsjár til að ljúka við undirbúning verkefnisins, en styrkur fékkst í það. Þáttur Jafnréttisstofu í verkefninu er að vera með vinnustofu í Póllandi á árinu 2015 fyrir framtíðar leiðbeinendur á jafnréttisnámskeiðum.

Hópur frá Japan kom til landsins í júní en um var að ræða starfsfólk fyrirtækisins Platinum Network en markmið þess er að búa til vettvang til að finna lausnir á þeim hnattrænu áskorunum sem heimurinn stendur frammi fyrir með samfélaglegum aðgerðum og áherslu á sjálfbærni. Hópurinn sem samanstóð af fimm körlum hafði mestan áhuga á að ræða fæðingarorlof feðra og aukna þátttöku karla í heimilis- og fjölskyldulífi á Íslandi í kjölfar þess, sem og mikla atvinnuþátttöku kvenna.

Í sama mánuði kom Tælenskur hópur en um var að ræða starfsfólk ráðuneytis sem fer með jafnréttismál í Tælandi. Ráðuneytisstjórinn sem leiddi hópinn og starfar í the Ministry of Social Development and Human Security hafði mestan áhuga á innleiðingu kynjaðrar hagstjórnar og

fjarlagagerðar. Einnig var rætt í hópnum um fæðingarorlof feðra og almenna stöðu jafnréttismála á Íslandi.

Í ágúst dvaldist hér á landi Annamari Asikainen frá Félags- og heilbrigðisráðuneyti Finnlands en það fer með jafnréttismál. Hún var hér í embættismannaskiptum í samræmi við norrænar reglur. Hún dvaldi í eina viku hjá Jafnréttisstofu á Akureyri og fór í heimsóknir í skóla, öldrunarheimili þar sem reynt hefur verið að fá karla til starfa og til jafnréttisfulltrúa bæjarins auk þess að sitja fræðslufund hjá starfsfólki Jafnréttisstofu og veita fræðslu um stöðu mála í Finnlandi.

Í ágúst komu tvær konur frá félagsmálaráðuneytinu í Slóveníu til landsins til að kynna sér jafnréttismál. Jafnréttisstýra átti fund með þeim í Reykjavík.

Í október kom 7 manna hópur frá Eistneska velferðarráðuneytinu en um var að ræða allt starfsfólk deildarinnar sem hefur umsjón með kynjajafnrétti og mismunun. Þau komu til landsins á styrk frá Norrænu ráðherranefndinni og dvöldu í heila viku. Jafnréttisstofa skipulagði heimsóknina í samstarfi við hópinn og var komið víða við bæði innan stjórnsýslunnar og hjá frjálsum félagasamtökum sem starfa að jafnréttismálum.

Í nóvember komu tvær bandarískar konur frá Seattle til landsins en erindi þeirra var að undirbúa heimsókn kvannahóps á næsta ári. Þær kynntu sér starf Jafnréttisstofu og heimsóttu fjölda samtaka og stofnana.

Nokkrir einstaklingar komu einnig í heimsókn á stofuna á árinu. Bandaríski sálfræðingurinn Megan Frost, eiginkona hennar og eins árs gamall sonur komu til þess að ræða hvað gerir Íslendinga að einni hamingjusömustu þjóð í heimi samkvæmt mælingum. Hún spurði hvort Jafnréttisstofa teldi að tenging sé milli þess og þess árangurs sem hefur náðst í jafnréttisbaráttu kynja á Íslandi. Tamás Verdes starfsmaður Hungarian Civil Liberties Union kom til landsins með styrk frá EFTA til að kynna sér jafnrétti kynja og starf frjálsra félagasamtaka.

Á hverju ári hefur hópur frá starfsenduræfingu Norðurlands komið í heimsókn til að kynna sér starf Jafnréttisstofu.

Um miðjan október heimsóttu sjötíu nemendur í kynjafræði við Háskólann á Akureyri Jafnréttisstofu þar sem þau fræddust um starfsemi stofunnar, staðalmyndir og lagalegar skyldur sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja samkvæmt lögum nr. 10/2008. Samfélags- og mannréttindanefnd Akureyrarbæjar kom í heimsókn 18. desember og var þar rætt um hugsanlegt samstarf, skyldur sveitarfélaga og stöðu mála á Akureyri.

ÚTGÁFA OG VEFSÍÐA

Miðlun upplýsinga- og fræðsla er stór hluti af starfi Jafnréttisstofu. Til þess að sinna því heldur stofan úti heimasíðu með fjölmörgum undirsíðum. Ýmis fræðslurit um jafnréttismál eru gefin út á hverju ári, ýmist á vegum Jafnréttisstofu eða í samstarfi við aðra aðila. Hér eru upplýsingar um það helsta sem kom út á vegum Jafnréttisstofu á árinu.

JAFNRÉTTISSTOFA Á NETINU

Upplýsingar og fréttir eru birtar reglulega á vefsíðu Jafnréttisstofu www.jafnretti.is en Jafnréttisstofa hefur að markmiði að heimasíðan sé í senn fróðleg og lifandi. Á heimasíðunni er m.a. að finna safn af fræðsluefni, greinar og skýrslur um jafnréttismál, orðabók og atburðadagatal með helstu viðburðum sem tengjast jafnréttismálum. Jafnréttisstofa hefur lagt áherslu á að gefa út allt sitt efni rafrænt svo það sé sem aðgengilegast og nýtist sem best og er það að finna á heimasíðunni. Heimasíða Jafnréttisstofu er einnig aðgengileg á ensku.

Jafnréttisstofa starfrækir einnig nokkrar undirsíður tengdar ákveðnum verkefnum sem unnin eru á vegum stofunnar. Helstar eru; kynningarsíða fyrir verkefnið *Karlar til ábyrgðar* www.karlartilabyrgdar.is, Samskipta- og upplýsingarsíða fyrir þróunarverkefnið *Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum* www.jafnrettiiskolum.is, fræðslusíða fyrir Evrópuverkefnið *Samstíga* á slóðinni www.samstiga.is og www.hiðgullnajafnvægi.is sem er hluti af verkefni um samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs.

Á árinu stofnaði Jafnréttisstofa síðu á Facebook á slóðinni:

<https://www.facebook.com/Jafnrettisstofa>

GREINAR Á HEIMASÍÐU JAFNRÉTTISSTOFU

Á árinu voru birtar greinar á heimasíðunni um það bil hálfsmánaðarlega um jafnréttismál. Höfundar þeirra voru bæði starfsfólk stofunnar og fólk sem lætur sig jafnréttismál varða með einum eða öðrum hætti. Greinarnar í ár voru 31 talsins og efnistöð afar fjölbreytt. Sumar greinarnar voru sérstaklega skrifaðar fyrir heimasíðuna, aðrar voru fyrirlestrar sem breytt var í greinar, og enn aðrar höfðu áður birst annarsstaðar. Höfundar greinanna aðrir en starfsmenn stofunnar voru Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Byggðastofnunar og Sigrún Sigurðardóttir, lektor við heilbrigðisvísindasviði við Háskólann á Akureyri.

STAÐA FORELDRA

Að beiðni Jafnréttisstofu tók Edda Ingólfssdóttir saman efni úr mastersritgerð sinni en hún fjallaði um stöðu foreldra að loknu fæðingarorlofi og til hvaða ráða þeir grípa. Samantektina er að finna á heimasíðu Jafnréttisstofu.

Handritsgerð var í höndum Jafnréttisstofu. Velferðarráðuneytið fékk styrk til verksins með vísan í annan lið framkvæmdaáætlunar ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Þar kemur fram að verja skuli fjármagni til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta til að nýta niðurstöður, reynslu og þekkingu eða innleiða tillögur sem telja má til afraksturs af verkefnum í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar.

NORRÆNT SAMSTARF

Ísland er þátttakandi í samstarfi Norðurlanda á sviði jafnréttismála í gegnum Norrænu ráðherranefndina. Velferðarráðuneytið og Jafnréttisstofa koma að þessu samstarfi fyrir hönd Íslands. Samstarfið byggir á sameignlegri framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum en í tengslum við framkvæmd hennar starfar embættismannanefndin „ÄK-JÄM“ sem hittist reglulega ásamt því að jafnréttisráðherrar landanna hittast árlega á fundi. Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu er varamaður í nefndinni. Árið 2011 var samþykkt ný samstarfsáætlun undir yfirskriftinni: *Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag - Norrænt samstarf um jafnréttismál 2011-2014*.

FORMENNSKA Í NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDINNI

Árið 2014 fór Ísland með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni en á árinu voru einnig liðin 40 ár frá því að ákveðið var á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar að hefja formlegt samstarf á sviði jafnréttismála. Hér verður fjallað stuttlega um viðburði á sviði jafnréttismála sem skipulagðir voru af Jafnréttisstofu sem hluti af formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni árið 2014.

HVER GERIR HVAÐ? RÁÐSTEFNA UM JAFNRÉTTI Á VINNUMARKAÐI OG MÁLÞING UM KYN, STJÓRNMÁL OG JAFNRÉTTI

Þann 27. og 28. maí stóð Jafnréttisstofa í samstarfi við velferðarráðuneytið, Vinnumálaráðið í Færeyjum og Norrænu ráðherranefndina fyrir tveggja daga viðburði í Færeyjum. Annars vegar ráðstefnu þar sem fjallað var um jafnrétti á vinnumarkaði og hins vegar málþing þar sem rætt var um stöðu kvenna í stjórnámálum. Fyrri daginn opnuðu þau Johan Dahl ráðherra jafnréttismála í Færeyjum og Ewa Björling þáverandi viðskiptaráðherra í Svíþjóð og samstarfsráðherra Norðurlandanna ráðstefnuna. Í kjölfarið fylgdu níu erindi frá sérfræðingum með áherslu fjögur þemu; hlutastörf og kynskiptan vinnumarkað, vinnumarkað í jaðarbyggðum, karlmenn og fæðingarorlof og samræming fjölskyldu og atvinnu. Ráðstefnuna sóttu um 70 manns og skapaðist þar lifandi og afar gagnleg umræða.

Daginn eftir, þann 28. maí, var haldið málþing um konur í stjórnámálum með þátttöku stjórnmalakvenna í Færeyjum og Íslandi. Þar héldu lykilerindi þær Eirinn Larsen sagnfræðingur frá Noregi, Auður Styrkárstöttir forstöðukona Kvennasögusafns Íslands og Karin Kjölbro fyrrverandi stjórnmalakona í Færeyjum. Unnur Brá Konráðstöttir þingkona tók þátt í pallborði fyrir hönd Íslands. Ráðstefnan og málþingið vöktu mikla athygli í Færeyjum og var mikið fjallað um þessa viðburði í færeyskum fjölmiðlum.

RÁÐSTEFNA UM KARLA OG KARLMENNSKURANNSÓKNIR

Dagana 4.-6. júní fór fram alþjóðleg ráðstefna um karla og karlmennskurannsóknir, *Emerging ideas in masculinity research – Masculinity studies in the North*. Ráðstefnan, sem haldin var í Háskóla Íslands, er þriðja ráðstefnan sem haldin er í norrænu samstarfi um karla og karlmennskurannsóknir. Ráðstefnan var skipulögð af af NFMM - Norrænu samstarfsneti um karlarannsóknir og Jafnréttisstofu

í samstarfi við RIKK - Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands og MARK - Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna. Ásta Jóhannsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands og formaður NFMM, var verkefnastjóri undirbúningsins fyrir hönd félagsins. Lykilfyrirlesarar voru tveir helstu sérfræðingar heims á sviði karla- og karlmenskúrannsóknna, þau Dr. Raewyn Connell og Dr. Michael Kimmel. Raewyn Connell er prófessor við Háskólann í Sydney í Ástralíu en Kimmel kemur frá Bandaríkjunum. Þátttakendur voru alls 220, frá fjórum heimsálfum. Flutt voru 150 erindi í 35 málstofum um ýmis ólík svið rannsókna, allt frá áhrifum kyns í poppmenningu og umönnun, til ofbeldisorðræðu og þátttöku karla í jafnréttismálum.

NORDISK FORUM Í MALMÖ

Dagana 12.-15. Júní var haldinn stórfundurinn Nordisk forum í þriðja sinn. Fyrsti slíki viðburðurinn var í Oslo 1988, sá annar í Turku 1994 og nú varð Malmö fyrir valinu. Kvennasamtökum á Norðurlöndum fannst ástæða til að kalla til víðtækra umræðna og að setja fram kröfugerð til stjórnvalda í tilefni þess að Pekingsáttmálinn verður 20 ára 2015 og ýmsar ógnir steðja að eins og ófriður, uppgangur öfgaafla og hatursorðræða. Fimm starfsmenn Jafnréttisstofu sóttu Nordisk forum og var Jafnréttisstofa með sýningarbás ásamt öðrum norrænum jafnréttisstofnunum. Þá héldu norrænu stofnanirnar einnig fund um hatursorðræðu sem var afar vel sóttur og vekjandi. Kristín Ástgeirsdóttir tók þátt í málstofu um fortíð og framtíð norrænnar kvennabaráttu.

ZERO TOLERANCE: MÁLÞING UM AÐGERÐIR GEGN KYNBUNDNU OFBELDI

Þann 25. september stóð Jafnréttisstofa ásamt innanríkisráðuneytinu, velferðarráðuneytinu og Norrænu ráðherranefndinni fyrir málþingi um aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Málþingið bar yfirskriftina Zero Tolerance með tilvísun í áherslur Norrænu ráðherranefndarinnar á sviðinu. Alls sóttu málþingið um 100 manns frá átta löndum.

Á málþinginu héldu níu sérfræðingar erindi. Rauði þráðurinn var Istanbúlsamningur Evrópuráðsins og umræða um þær skyldur sem honum fylgja í baráttu þjóða gegn kynbundnu ofbeldi og heimilisofbeldi. Portúgalski þingmaðurinn José Mendes Bota kynnti samninginn en hann leiddi samningagerðina á sínum tíma. Carin Götblad fyrrverandi lögreglustjóri í Svíþjóð kynnti niðurstöður stórrar úttektar sem nýverið var gerð í Svíþjóð þar sem ofbeldi í nánnum samböndum er kortlagt og tillögur gerðar um leiðir til úrbóta. Á málþinginu var einnig kynning á niðurstöðum umfangsmikillar könnunar sem Mannréttindastofnun Evrópusambandsins gerði á kynbundnu ofbeldi meðal kvenna í 28 Evrópulöndum. Einnig kynntu ýmsir sérfræðingar á Norðurlöndunum þær aðferðir sem hafa gagnast vel í hverju landi fyrir sig annað hvort á landsvísu eða í sveitarfélögum.

Niðurstaða málþingsins var sú að kynbundið ofbeldi er kerfisbundið, útbreitt og á sér margar birtingarmyndir. Því er nauðsynlegt, þegar horft er til afleiðinga ofbeldisins og útbreiðslu að fjalla um það sem lýðheilsuvandamál. Til að ná árangri í vinnu gegn ofbeldi er því mikilvægt að ólíkar fagstéttir vinni saman, að vandinn sé greindur á fyrstu stigum og að aðgerðaráætlanir séu til staðar – og þær séu virkar. Til þess að fyrirbyggja vandann er ekki síst þörf á aukinni þekkingu og fjármagni í jafnréttisfræðslu.

GENDER EQUALITY IN THE ARCTIC

Dagana 30. – 31. október fór fram tveggja daga alþjóðleg ráðstefna um jafnrétti kynjanna á Norðurslóðum. Ráðstefnan var haldin í Hofi á Akureyri og skipulögð af utanríkisráðuneytinu, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, Norðurslóðaneti Íslands og Jafnréttisstofu. Fyrirlesarar komu frá ýmsum

löndum og umfjöllunarefni voru fjölbreytt. Fjallað var um aðstæður kvenna og karla á norðurheimskautssvæðinu og athyglinni m.a. beint að aðgangi og yfirráðum auðlinda, þátttöku kynjanna í ákvarðanatöku og stjórnámálum, byggðapróun, öryggi og almennri velferð.

Tilgangurinn með ráðstefnunni var að stuðla að víðtækri, markvissri samræðu um jafnréttismál og beina sjónum að tengslum þeirra við áskoranir sem framtíðin kann að bera í skauti sér m.t.t. loftslags- og umhverfisbreytinga. Þá voru jafnréttismál sérstaklega sett í samhengi við efnahags- og félagslega þróun ríkja og samfélaga á norðurslóðum. Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra flutti opunarávarp á ráðstefnunni og Tarja Halonen fyrrverandi forseti Finnlands var meðal lykilyfirlesara. Ráðstefnuna sóttu um 140 manns frá 10 löndum.

Upplýsingar um norrænu ráðstefnurnar má finna á á heimasíðu Jafnréttisstofu, vef velferðarráðuneytisins og heimasíðu Norrænu ráðherranefndarinnar.

ÁRLEGUR FUNDUR NORRÆNNA JAFNRÉTTISSTOFNANA

Opinberu stofnanir sem annast jafnréttismál á Norðurlöndunum hafa átt samstarf um árabíl. Á árinu sótti Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu fund norrænna jafnréttisstofnana sem haldinn var í Stokkhólmi. Að þessu sinni var mikið rætt um hatursorðræðu sem tröllríður umræðu, einkum í netmiðlum, á öllum Norðurlöndunum og aðgerðir gegn henni. Danir kynntu úttekt á aðgengi að heilbrigðisþjónustu en fólk af erlendu bergi brotið getur átt í erfiðleikum vegna tungumála og skorts á tulkum. Norðmenn ræddu um misrétti gegn barnshafandi konum á vinnumarkaði og rætt var um lagabreytingar og breytingar á stofnunum sem eru í bígerð.

SAMSTARF INNAN EVRÓPU OG Á ALPJÓÐAVETTvangi

ESB / EFTA:

Jafnréttisstofa tekur þátt í samstarfi á evrópskum vettvangi. Fulltrúi Jafnréttisstofu á sæti í vinnuhópi EFTA um jafnréttis- og fjölskyldumál og áheyrnaraðild að ráðgjafanefnd ESB um jafnréttismál. EFTA nefndin heldur fundi tvisvar á ári yfirleitt í tengslum við fundi ráðgjafanefndar EU. Á þessum fundum er farið yfir þróun mála hvað varðar nýjar eða endurskoðaðar tilskipanir EU, formennskuáætlanir eru kynntar, skýrslur lagðar fram, og sagt frá því sem er að gerast í jafnréttismálum innan EU. Þessir fundir eru mjög fróðlegir og vekja t.d. athygli á nýju fræðsluefni, ýmist prentuðu eða sem myndböndum á netinu.

KVENNANEFND SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Framkvæmdastýra Jafnréttisstofu hefur um árabíl sótt fundi kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (Commission on the Status of Women, CSW). Að þessu sinni voru aðalviðfangsefnið að meta árangurinn af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna en tvö þeirra snerta konur sérstaklega (barna- og mæðradauði) og svo aðgengi stúlkna og kvenna að menntun, starfsþjálfun og sæmandi (e. decent) störfum. Eygló Harðardóttir jafnréttisráðherra flutti ræðu Íslands og lagði sérstaka áherslu á að þúsaldarmarkmiðin næðu ekki til mikilvægra þátta eins og ofbeldis gegn konum, valdamisvægis, t.d. á þjóðþingum, ólaunaðrar vinnu kvenna, hvað þá að taka á því hve mörg ríki neita konum um að ráða yfir eigin líkama og kynheilbrigði (e. sexual and reproductive health and rights).

Norðurlöndin voru að venju með tvo sameiginlega hliðarviðburði. Annars vegar var ráðherrafundur sem fjallaði um valdeflingu kvenna með aukinni menntun. Eygló Harðardóttir jafnréttisráðherra stýrði fundinum sem var mjög vel sóttur. Sérstakur gestur var Phumzile Mlambo-Ngcuka framkvæmdastýra UN Women. Hinn fundurinn var sérfræðingafundur þar sem fjallað var um kynbundið náms- og starfsval með hvatningu um að brjóta niður staðalmyndir kynjanna og opna allar leiðir bæði fyrir drengi og stúlkur. Okkar fulltrúi á fundinum var dr. Berglind Rós Magnúsdóttir lektor í menntunarfræðum við Háskóla Íslands.

EVROPURÁÐIÐ

Evrópuráðið endurskipulagði starfsemi sína árið 2011 þar á meðal það starf sem snýr að jafnrétti kynja. Markmið endurskipulagningarinnar var að tryggja samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða inn í alla stefnumótun á vegum Evrópuráðsins og brúa bilið milli alþjóðlegra skuldbindinga og raunveruleika kvenna í Evrópu. Þrjú megin þemu hafa verið í samstarfinu: að uppræta ofbeldi gegn konum, berjast gegn neikvæðum staðalmyndum kynjanna í fjölmiðlum og aðgangur kvenna að réttarkerfinu. Jafnréttisstofa tekur þátt í störfum nefndar um jafnrétti kynja (GEC) en Hugu R. Hjaltadóttir hefur verið tengiliður Íslands við nefndina. Meginhlutverk tengiliðsins er að tengja saman Evrópuráðið og þá aðila sem eru ábyrgir fyrir jafnrétti kynja í viðkomandi ríki. Tengiliðirnir eiga einnig að koma á framfæri og styðja við innleiðingu samninga Evrópuráðsins á sviði jafnréttis kynja með það fyrir augum að brúa bilið á milli lagalegs jafnréttis og þess veruleika sem blasir við í aðildarríkjum.